

Innviðaráðuneytið
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

Efni: Athugasemdir vegna stjórnsýslukæru (mál nr. IRN25090129)

Vísað er til stjórnsýslukæru Péturs Davíðssonar, hreppsnefndarmanns í Skorradalshreppi, dags. 27. september sl. Kæran varðar „lögmæti og framkvæmdar kosninga um sameiningu sveitafélaganna Borgarbyggðar og Skorradalshrepps sem fram fór dagana 5. –20. september 2025. Jafnframt er óskað úrskurðar ráðuneytisins á drætti og aðgengi undirritaðs að gögnum tengt samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna og sameiginlegri kjörstjórn sveitarfélaganna með vísan til sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktu um stjórn sveitarfélagsins Skorradalshrepps“, eins og segir í fyrirsögn kærunnar.

Kæran barst [sveitarstjórnnum Skorradalshrepps og Borgarbyggðar (hér eftir „sveitarstjórnirnar“) með tölvupósti IVR] Kæruheimild er tilgreind 8. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (hér eftir „svsl.“).

Bent er á að það orkar tvímælis að sveitarstjórnarfulltrúi geti nýtt tilvitnaða kæruheimild í þessu skyni. Ennfremur er framsetning kærunnar óljós að því er varðar hvað er kært og á grundvelli hvaða kæruheimildar hverju sinni. Sveitarstjórnirnar áskilja sér rétt til bregðast við einstaka efnisliðum kærunnar út frá ofangreindu. Æskilegt væri að ráðuneytið tæki afstöðu til þess hvaða atriði kærunnar falla undir kæruheimildir ráðuneytisins og hverjar falla undir kæruheimildir annarra stjórnvalda.

Hér á eftir fara sameiginlegar athugasemdir sveitarstjórnanna við kæruna.

A. Birting kosningaúrslita og skyld atriði

Samkvæmt 5. mgr. 119. gr. svsl. skal að meginstefnu til farið eftir almennum reglum 133. gr. laganna um íbúakosningar við framkvæmd sameiningarkosninga. Sú grein inniheldur engar efnisreglur um birtingu kosningaúrslita, að því frátöldu að í 8. mgr. 133. gr. kemur fram að kærur um ólögmæti íbúakosninga skuli sendar innviðaráðuneytinu til úrlausnar innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.

Í 7. mgr. 133. gr. svsl. er ráðherra hins vegar falið að setja reglugerð þar sem mælt er fyrir um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag íbúakosninga sveitarfélaga og gildir nú reglugerð nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga um þetta efni. Um birtingu kosningaúrslita kemur það eitt fram í d-lið 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar að hlutverk kjörstjórnar sé að birta niðurstöðu kosninga opinberlega. Þetta er áréttað í lokamálslið 12. gr. reglugerðarinnar, þar sem fram kemur að kjörstjórn skuli upplýsa um niðurstöðu talningar með opinberum hætti og a.m.k. á vefsíðu viðkomandi sveitarfélags. Í 4. mgr. 5. gr. er svo kveðið á um að kjörstjórn skuli skila skýrslu til sveitarstjórnar um framkvæmd kosninga. Reglugerðin tiltekur hvorki fresti til birtingar úrslita né skil á skýrslu kjörstjórnar.

Úrslit beggja kosninga voru birt á vefsíðum beggja sveitarfélaga og á upplýsingavef samstarfsnefndar þann 20. september sl. Í fréttum um niðurstöðurnar á vefsíðunum kemur fram hversu margir voru á kjörskrá í hvoru sveitarfélagi, hver kjörsókn var, hversu margir greiddu atkvæði með og á móti tillögunni og hversu margir seðlar voru ógildir. Að mati sveitarstjórna ætti ekki að vera neinum vafa undirorpið að kjörstjórn hefur uppfyllt þá skyldu sína að birta niðurstöður kosninga með opinberum hætti, enda áskilur reglugerð um íbúakosningar ekki tiltekið form hvað þetta snertir. Er því ljóst að kærufrestur samkvæmt 8. mgr. 133. gr. svsl. byrjaði að líða hinn 20. september sl.

Skýrsla kjörstjórnar um framkvæmd kosninganna var send til sveitarfélaganna með tölvupósti frá formanni sameiginlegrar kjörstjórnar hinn 2. október sl. og gert er ráð fyrir að hún verði á dagskrá næstkomandi sveitarstjórnarfunda. Rétt er að geta þess að skýrslan var tilbúin og samþykkt af meðlimum kjörstjórnar nokkru fyrr, en kjörstjórn tók ákvörðun um að taka saman og senda samhliða yfirlit yfir vinnu og fundarsetu meðlima. Eins og rakið er í framangreindu var kjörstjórn þá þegar búin að uppfylla þá lagaskyldu sína að birta niðurstöður kosninganna opinberlega og verður því ekki séð að tímasetning skýrsluskila hafi neinar lögfylgjur ein og sér.

Tilvísun kæranda til ákvæða kosningalaga nr. 112/2021 í þessu sambandi er án þýðingar, enda gilda þau ekki um íbúakosningar og í reglugerð um íbúakosningar hefur verið mælt fyrir um tilhögun birtingar kosningaúrslita með þeim hætti sem að framan er lýst. Af ákvæðum reglugerðarinnar er alveg ljóst að birting úrslita íbúakosninga er ekki skilyrt við undanfarandi skil skýrslu kjörstjórnar til sveitarstjórna, heldur er hér um aðskilin verkefni kjörstjórnar að ræða.

B. Aðgangur að gögnum

Bent er á að beiðni kæranda um aðgang að gögnum var á grundvelli sveitarstjórnarlaga, 21. gr. Samþykktar um stjórn Skorradalshrepps sem og upplýsingalaga nr. 140/2012. Í kærinni kemur fram að kærandi telur að kærðu hafi borið skylda til að afhenda gögn innan 7 daga frá því að hann lagði fram beiðnina í samræmi við ákvæði upplýsingalaga. Ekki er hægt að lesa úr kærinni hvað varðar þennan lið að kærandi óski úrskurðar um annað en það sem snýr að drætti á afhendingu gagna og vísar kærandi þar til þeirra ganga sem óskað var eftir á grundvelli sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Skorradalshrepps.

Fram kemur í 21. gr. samþykktar um stjórn Skorradalshrepps að beiðni sveitarstjórnarfulltrúa um aðgang að gögnum skuli afgreiða eins fljótt og unnt er. Sveitarstjórnirnar telja ekki að ákvæði upplýsingalaga um 7 daga frest eigi við um aðgang sveitarstjórnarfulltrúa að gögnum heldur beri að horfa til samþykktar um stjórn Skorradalshrepps. Sveitarstjórnirnar telja að kærði hafi þegar fengið afhent þau gögn sem skylt sé að afhenda og að það hafi verið gert eins fljótt og unnt var. Afhendingartími gagna var í samræmi við umfang og skýrist að hluta til að því að ekki var með öllu ljóst að hvaða aðilum gagnabeiðni beindist sem og að taka þurfti afstöðu til þess hvaða gögn það voru sem beiðnin næði til og skylt væri að afhenda. Í tölvupósti frá sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs Borgarbyggðar frá 29. ágúst 2025. sem vísað er til í kærinni koma fram viðbrögð vegna gagnabeiðninnar og kærandi þar með upplýstur um að unnið væri að því að afgreiða beiðnina eins skjótt og auðið er í samræmi við umfang.

Þau gögn sem Borgarbyggð telur sér skylt að afhenda vegna beiðni um aðgang að gögnum sem vísað er til voru afhent oddvita Skorradalshrepps með tölvupósti þann 19. september sl. Þess ber þó að geta að umrædd gögn voru fyrir miskilning við söfnun gagna ekki afhent kæranda fyrr en 30. september sl., þegar kærandi benti á að gögnin vantaði. Þau gögn sem Borgarbyggð telur sér

skylt að afhenda vegna beiðni um aðgang að gögnum sem vísað er til voru því afhent eftir að kæra þessi barst innviðaráðuneytinu. Til viðbótar við fyrirliggjandi gögn í stjórnsýslu Borgarbyggðar var útbúin samantekt fjárhagsupplýsinga.

Þau gögn sem samstarfsnefnd telur sér skylt að afhenda vegna beiðni um aðgang að gögnum sem vísað er til voru afhent með tölvupósti frá formanni samstarfsnefndar til oddvita Skorradalshrepps þann 22. september 2025.

Sveitarstjórnir hafa fengið fundargerðir kjörstjórnarinnar til kynningar og skýrsla sameiginlegrar kjörstjórnar vegna íbúakosninga um sameiningu liggur fyrir og mun verða sett á dagskrá næstkomandi sveitarstjórnarfunda.

Samkvæmt framangreindu telja sveitarstjórnirnar að birting kosninga hafi verið í samræmi við lög og að leyst hafi verið úr gagnabeiðnum í samræmi við beiðni kæranda.

Skorradalshreppi og Borgarbyggð, þann 9. október 2025

Virðingarfyllt,

f.h. sveitarstjórnar Borgarbyggðar



f.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps



